



Ársskýrsla
2003



Sýslumaðurinn á Ísafirði

**ÁRSSKÝRSLA SÝSLUMANNSINS
Á ÍSAFIRÐI 2003**



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Formáli | 3 |
| I. Árangursmat | 4 |
| II. Verkefni, hlutverk, stefna og meginmarkmið | 5 |
| IV. Löggæsla og meðferð ákærvalds | 7 |
| 1. Umfang - sektarboð | 7 |
| 2. Forvarnir og barátta gegn fíkniefnum | 7 |
| 3. Umferðarmálefni | 9 |
| 4. Rannsókn mála | 10 |
| 5. Ákærvald | 10 |
| 6. Fræðsla | 10 |
| 7. Akstur | 11 |
| 8. Fangahúsið | 11 |
| 9. Málaskrá | 12 |
| V. Almenn umboðsstörf skv. fyrirmælum laga | 13 |
| 1. Aðfarargerðir | 13 |
| 2. Nauðungasölur | 13 |
| 3. Þinglýsingar | 14 |
| 4. Sifjamál | 14 |
| 5. Dánarbú | 16 |
| 6. Lögbókandagerðir | 16 |
| 7. Leyfisveitingar | 16 |
| VI. Innheimta | 17 |
| VII. Tollur | 17 |
| VIII. Almennatryggingar | 18 |
| IX. Reikningar ársins | 19 |
| 1. Rekstrarreikningur | 19 |
| 2. Efnahagsreikningur | 20 |
| 3. Sjóðstreymi | 20 |
| 4. Skýringar | 21 |
| Lokaorð | 22 |



Formáli

Árið 2003 var viðburðarríkt hjá embætti sýslumannsins á Ísafirði. Fyrst ber að nefna að aðferðir mannaúdsstjórnunar hófu innreið sína í embættið á árinu, meðal annars með starfsmannasamtölum og stefnumótunarvinnu. Rúmlega fjögurra milljón króna halli var á starfseminni í upphafi árs 2002 og var þá gerð tveggja ára áætlun um niðurgreiðslu hans. Þau markmið tókust og hefur því tekist að vinna bug á hallarekstri embættisins, eins og áætlun gerði ráð fyrir.

Töluverð hreyfing varð á starfsmönnum á skrifstofu embættisins, bæði vegna starfsloka en einnig barnsfæðinga. Þessar breytingar leiddu af sér flutning á verkefnum og nýliðun, bæði í afgangi og á innheimtusviði.

Sé litið til verkefna lögreglu, þá ber fyrst að nefna að góður árangur náðist í fikniefnamálum. Lögregluliðinu bættist öflugur liðsauki með tilkomu fikniefnahundsins Dofra. Ekkert dauðaslys varð í umdæminu á árinu og er það gleðiefni. Glæsilegt unglingsmót UMFÍ var haldið á Ísafirði um verslunarmannahelgina og komu þúsundir gesta í umdæmið vegna þessa. Mótið fór friðsamlega fram, undir vökulu eftirliti lögreglu.

Stefnan hefur verið sett á að stofnunin uppfylli kröfur til ríkisstofnunar til fyrirmyndar árið 2006 og að unnt verði að innleiða stefnumiðað árangursmat í ársbyrjun 2007. Í þessu skyni verður áfram lögð áhersla á sífellt betri þjónustu embættisins við viðskiptamenn þess og að hlúð verði að þekkingarverðmætum starfsmanna, auk þess sem unnið verður að ferlum og mælikvörðum vegna starfseminnar.

Starfsmenn embættisins eiga þakkir skyldar fyrir vel unnin störf á árinu 2003, jákvætt hugarfar, hollustu og metnað.

Sýslumaðurinn á Ísafirði,



I. Árangursmat

Starfsemi embættisins hefur verið í föstum skorðum um nokkurt skeið, en bæði ytri og innri þættir gera það að verkum að breytinga er þörf. Umhverfi stofnana hefur breyst mjög undanfarin ár og samkeppni ríkir um fjármagn sem verður í æ ríkara mæli tengt verkefnum. Gera þarf starf embættisins markvissara, auk þess sem bæta má þjónustu við viðskiptamenn. Þá þarf að auka sveigjanleika og hvatningu starfsmanna. Grundvallaratriði er að viðhalda áhuga starfsmanna á verkefninu og að gæta að því að fræðsla og hraði breytinga sé ákjósanlegur.

Á árinu 2003 var lagt upp með að leggja grunn að stefnumótun embættisins, með því að vinna að viðhorfsbreytingu og losa um hefðbundna verkaskiptingu. Leitað var leiða á árinu til að auka sveigjanleika hjá embættinu og starfsmönnum þess. Annað helsta markmið ársins var að vinna bug á hallarekstri embættisins. Með samstilltu átaki náðist þetta markmið, eins og nánar verður gerð grein fyrir í kafla IX hér á eftir.

Góður árangur náðist í báðum tilvikum þar sem sveigjanleiki jókst til muna, bæði með vel heppnuðum flutningi verkefna og ekki síður þátttöku starfsmanna í hugmyndavinnu og umræðum um markmið og leiðir til að bæta þjónustu og starfsemi embættisins, auk þess sem rekstrarafgangur varð á árinu, eins og gerð verður grein fyrir hér síðar.

Í framtíðinni er stefnt að því að að losa um bundinn kostnað eins og hægt er, til dæmis með því að vera ekki með yfirtíð bundna í fjötrum vaktafyrirkomulags lögreglu, heldur geta beint kröftum lögreglu að löggæsluþörfum hverju sinni, innan ramma sem sátt ríkir um.



II. Verkefni, hlutverk, stefna og meginmarkmið

Aðalviðfangsefni embættisins eru löggæsla og meðferð ákærvalds í tilteknum málaflokkum, almenn umboðsstörf samkvæmt fyrirmælum laga, innheimta opinberra gjalda, tollgæsla, og önnur verkefni sem s.s. umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Hlutverki, stefnu og meginmarkmiðum má lýsa með eftirfarandi yfirlitsmynd.

Virðing að leiðarljósi

| Hlutverk | Meginmarkmið - áhersluatriði | Aðgerðir |
|---|--|--|
| <p>að gæta laga og réttar, að standa vörð um öryggi borgaranna að þjónusta almenning á sem bestan og hagkvæmasta máta</p> <p>Framtíðarsýn</p> <p>- að stofnunin verði öflugri miðstöð opinberrar stjórnsýslu í héraði, - með auknum verkefnum, - er veiti sífellt betri og hagkvæmari þjónustu í samræmi við vaxandi kröfur til stjórnsýslunnar</p> <p>- að lögreglan leggi megináherslu á forvarnir, þekkingarstjórnun og sveigjanlega löggæslu</p> | <ul style="list-style-type: none">▪ Hagkvæmur rekstur▪ Gæði og þekking við úrlausnir mála▪ Skilvirkni og tækni▪ Starfsmannastefna▪ Góð þjónusta▪ Upplýsingatækni▪ Samstarf▪ Að gæta almannaöryggis▪ Uppljóstrun afbrota▪ Skilvirk innheimta▪ Góð þjónusta við Tryggingastofnun▪ Öflug tollgæsla og þjónusta | <p>Endurskoðun verkferla og gerð áætlana</p> <p>Áhersla á forvarnir og eftirlit</p> <p>Þjónustukannanir</p> <p>Starfsmannastefna - þekkingarverðmæti</p> <p>Innleiðing stefnumiðaðs árangursmats</p> |



III. Yfirlit yfir starfsemi ársins

Hér á eftir verður tæpt á nokkrum þáttum um áherslur embættisins á árinu 2003.

Starfsmannastefna

Á árinu 2003 voru skipaðir tveir fræðslufulltrúar við embættið; annar fyrir lögreglu og hinn fyrir skrifstofu í því augnamiði að stuðla að aukinni menntun við embættið. Sveigjanlegur vinnutími var tekinn upp í anda mannauðsstjórnunar á sýsluskrifstofunni. Hjá lögreglu er mjög sveigjanlegur vinnutími, þar sem reynt er eftir föngum að hagræða vöktum eftir þörfum hvers og eins. Starfsmannasamtöl voru tekin í desember 2003 og janúar 2004. Þau tókust mjög vel og urðu grundvöllur að ýmsum endurbótum og breytingum. Starfsmannafundum hefur verið komið á fót og eru þeir haldnir mánaðarlega á sýsluskrifstofu. Starfsmannafundir lögreglu eru haldnir í tengslum við reglulegar íþróttæfingar lögregluliðs. Unnið er að starfsmannastefnu fyrir embættið, sem á að taka gildi 1. september 2004.

Þjónustuhlutverk

Mikil áhersla hefur verið lögð á þjónustuhlutverk embættisins. Þannig var markvisst unnið að því á árinu að auka færni og hreyfanleika starfsmanna og "breikkun þekkingar", þ.e. að minnka sérhæfingu innan embættisins og auka samstarf starfsmanna. Í þessum tilgangi hefur m.a. verið tekin upp sú nýbreytni að starfsmenn halda erindi á starfsmannafundum á skrifstofu og gera grein fyrir verkefnum sínum fyrir aðra starfsmenn. Þá fóru flestir starfsmenn sýsluskrifstofu á námskeið á vegum SFR, en námskeiðið var haldið á Ísafirði og var af því mikið hagræði. Þátttakendur voru ánægðir með námskeiðið og væntingar eru miklar um fyrirhugaðan "sýslumannaskóla" sem verður vonandi að veruleika haustið 2004.

Samstarf

Einnig hefur verið lögð áhersla á samstarfsvilja embættisins við aðra aðila í samfélaginu, s.s. skóla- og félagsmálayfirvöld, stjórnendur Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur, fjölmiðla og slökkvilið. Besta dæmið um samstarf embættisins er hópurinn VáVest, sem starfar að forvörnum í umdæminu og er Hlynur Snorrason lögreglufulltrúi eini launaði starfsmaður hópsins. Nánar verður fjallað um starf VáVest hér á eftir.

Mælingar

Þróun mælikvarða er stutt á veg komin og verður lögð áhersla á endurskoðun þeirra á komandi ári. Í skýrslu þessari verða því hefðbundnar mælingar lagðar til grundvallar. Farið verður yfir helstu málaflokka sem embættið fer með, fyrst og fremst með hliðsjón af málafjölda. Það vekur athygli að þróun í allflestum málaflokkum er á þann veg að málafjöldi eykst, þrátt fyrir neikvæða byggðapróun í umdæminu. Í köflum IV-IX hér á eftir verður fjallað um helstu mælingar á starfseminni á árinu 2003, en rétt er að hafa í huga að mælikvarðar sæta endurskoðun.



IV. Löggæsla og meðferð ákærvalds

Viðbúnaður lögreglu í umdæmi sýslumannsins á Ísafirði þarf að vera töluvert meiri en dagleg þörf segir til um, sökum landfræðilegrar afmörkunar og samgangna. Þá spannar umdæmið samtals 4190 km².

Eins og fram hefur komið hér að framan, átti töluverð stefnumótunarvinna sér stað hjá embættinu á árinu 2003 og má m.a. nefna svokallaða hugarflugsfundi eða SVÓT-greiningu. Starfið fór þannig fram að einstakir málaflokkar voru teknir fyrir, styrk- og veikleikar í lögreglustarfinu greindir og leitast við að finna lausnir. Einnig var kallað eftir hugmyndum í sérstakan hugmyndabanka og starfsmannafundum var fjölgað. Helstu áhersluverkefni lögreglu voru forvarnir og fíkniefni og umferðarmál og eftirlit.

1. Umfang

Eins og sjá má fjölgaði færslum í dagbók lögreglu töluvert á árinu 2003, enda þótt málafjöldi sé nokkurn veginn sá sami á milli ára. Skýringin helgast meðal annars af nýju verklagi við skráningu á fíkniefnaeftirliti en einnig má nefna erill lögreglu um verslunarmannahelgi þar sem bókanir í dagbók voru tvöfalt fleiri en venjulegt er.

Dagbók og málaskrá áráanna 2000-2003

| Dagbók og málaskrá | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|--------------------|------|------|------|------|
| Dagbókarfærslur | 5063 | 4880 | 5024 | 6550 |
| Málafjöldi | 1185 | 1136 | 1137 | 1172 |

2. Forvarnir og barátta gegn fíkniefnum

Forvarnir hafa verið mjög ofarlega í forgangs röðun lögreglunnar á Ísafirði og var hvergi hnikað frá þeirri stefnu á árinu 2003. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að lögreglumaður er verkefnastjóri VáVest hópsins, sem fellur inn í starf hans. VáVest hópurinn hélt m.a. morgunverðarfundum á árinu 2003 um vandamál tengd unglungum og fíkniefnum. Fundirnir voru opnir öllum og hlutu þeir góðar viðtökur. Foreldrum var meðal annars leiðbeint um það hvernig þau gæti þekkt einkenni er bentu til fíkniefnaneyslu hjá börnum sínum. Nefna má að árlegar heimsóknir lögreglunnar og Vá Vest til foreldra ungmenna á unglungastigi grunnskólanna er einn liðurinn í forvörnum lögreglunnar og er umfjöllunarefnið þar aðallega vímuefni og hættur þeim tengdar í umhverfi unglunga í dag. Foreldrasamningur Heimilis og skóla er notaður m.a. í þessum heimsóknum, sem ávallt eru á haustin. Sömuleiðis heimsækir lögreglan nemendur í tveimur efstu bekkjum skólans þar sem umræðuefnið er nánast eingöngu vímuefni og hættur vegna slíkrar neyslu. Einnig má nefna að lögreglumaður var mjög virkur í verkefninu Gamla apótekið, þar sem komið hefur verið á fót aðstöðu fyrir unglung til félagslífs án fíkniefna.



Skipuleg skráning á eftirlitsaðgerðum við fíkniefnaeftirlit hófst þann 1. mars 2003 og myndar sú skráning grunn að samanburði milli ára og gefur vísbendingu um umfang aðgerða lögreglu vegna þessa.

Í júlí 2003 þreytti fíkniefnahundurinn Dofri lokapróf fyrir leitarhunda og stóðst það með miklum ágætum - hlaut A í einkunn og ummæli um hund og þjálfara voru mjög lofsamleg. Embættið fékk þannig mikilvægan liðsmann í baráttunni gegn fíkniefnum.

Lögreglan lagði hald á óvenju mikið af fíkniefnum á árinu 2003 og má sjá tegund og magn á eftirfarandi töflum. Til samanburðar eru magntölur síðustu ára.

Haldlögð efni v. Fíkniefnamála

Ár 2000

| Tegund | Nánar | Haldl. | Gr. | Stk. |
|-----------------|-------------|--------|-------|------|
| Kannabis | Hass | | 34,64 | |
| Kannabis | Maríhúana | | | |
| Kannabis | Blandað | | 3,70 | |
| Kannabis | Fræ | | | |
| Ofskynjun | Sveppir | | 29,80 | |
| Örvandi | E-pillur | | | |
| Örvandi | Kókaín | | | |
| Örvandi | Amfetamín | | 8,56 | |
| Ripp fuel | Töflur | | | 184 |
| Óþekkt | Óskilgreint | | | |
| Samtals: | | | 76,70 | 184 |

Ár 2001

| Tegund | Nánar | Haldl. | Gr. | Stk. |
|-----------------|-------------|--------|--------|------|
| Kannabis | Hass | 8 | 43,64 | |
| Kannabis | Maríhúana | 2 | 1,38 | |
| Kannabis | Blandað | 4 | 1,41 | |
| Kannabis | Fræ | 1 | | 72 |
| Ofskynjun | Sveppir | | | |
| Örvandi | E-pillur | | | |
| Örvandi | Kókaín | | | |
| Örvandi | Amfetamín | 2 | 0,64 | |
| Ripp fuel | Töflur | | | |
| Óþekkt | Óskilgreint | 2 | 78,53 | 11 |
| Samtals: | | 19 | 125,60 | 83 |

Ár 2002

| Tegund | Nánar | Haldl. | Gr. | Stk. |
|-----------------|-------------|--------|-------|------|
| Kannabis | Hass | 8 | 21,99 | |
| Kannabis | Maríhúana | 3 | 6,83 | |
| Kannabis | Blandað | 6 | 3,61 | |
| Kannabis | Fræ | | | |
| Ofskynjun | Sveppir | 3 | 31,85 | |
| Örvandi | E-pillur | 1 | | 20 |
| Örvandi | Kókaín | 1 | 0,32 | |
| Örvandi | Amfetamín | 6 | 15,43 | |
| Ripp fuel | Töflur | | | |
| Óþekkt | Óskilgreint | 6 | 11,30 | 122 |
| Samtals: | | 34 | 91,33 | 142 |


Ár 2003

| Tegund | Nánar | Haldl. | Gr. | Stk. |
|-----------------|-------------|--------|--------|------|
| Kannabis | Hass | | 339,33 | |
| Kannabis | Maríhúana | | 0,38 | |
| Kannabis | Blandað | | 2,38 | |
| Kannabis | Fræ | | | |
| Ofskynjun | Sveppir | | | |
| Örvandi | E-pillur | | | |
| Örvandi | Kókaín | | | |
| Örvandi | Amfetamín | | 2,25 | |
| Ripp fuel | Töflur | | | 1 |
| Óþekkt | Óskilgreint | | 32,42 | |
| Samtals: | | 20 | 376,76 | 1 |

Til þess að unnt sé að fylgja eftir markmiðum og árangri, verður að liggja fyrir mælanlegur árangur af forvarnarstarfi. Erfitt getur reynst að setja óyggjandi mælikvarða en kannanir Rannsókná & greiningar hf. gefa góða vísbendingu. Sjá má eina af niðurstöðum þeirra hér á eftir.



Hlutfall nemenda í 10. bekk, sem notað hafa hass einu sinni eða oftar um ævina.



3. Umferðarmálefni

Samkvæmt áhættugreiningu sem yfirstjórn lögreglunnar á Ísafirði gerði á haustmánuðum 2002 í samvinnu við Rannveigu Þórisdóttur hjá RLS, eiga flest alvarleg umferðarslys í umdæminu sér stað utan þéttbýlis. Því var leitast við að efla löggæslu utan byggðar, sérstaklega yfir sumarmánuði. Ekkert banaslys varð í umferðinni í umdæminu á árinu 2003 og er það gleðiefni.

Taflan hér á eftir sýnir fjölda sektarboða vegna umferðarlagabrota á árunum 2000-2003. Eins og sjá má er um nokkra fjölgun að ræða á milli ára.

Sektarboð árána 2000 til 2003

| Sektarboð | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|-----------------------|------|------|------|------------|
| Útsend sektarboð: | 564 | 541 | 589 | 683 |
| Greidd sektarboð: | 458 | 433 | 455 | 500 |
| Dómsáritun: | 14 | 46 | 75 | 94 |
| Ákæra-dómur: | 4 | 1 | 0 | 4 |
| Ógr. f/ afsláttardag: | 1 | 8 | 0 | 5 |
| Í ítrekun: | 14 | 10 | 13 | 6 |
| Ógr. e/afsláttardag: | 73 | 43 | 46 | 74 |



4. Rannsókn mála

Fjöldi mála í rannsókn var 398 mál á árinu, sem er svipað og fyrri ár. Þó eykst málafjöldi innan ársins töluvert.

Rannsókn mála 2003

| Ár | 2001 | 2002 | 2003 |
|--------------------|------|------|------|
| Öll mál í rannsókn | 356 | 407 | 398 |
| Mál frá fyrra ári | 36 | 56 | 58 |
| Mál ársins | 249 | 162 | 268 |
| Afgreidd mál | 227 | 177 | 271 |
| Eftir í lok árs | 58 | 34 | 84 |

5. Ákærvald

Gerð var úttekt á fjölda ólokinnna mála hjá embættinu frá því að núverandi málaskrá var tekin í notkun til ársloka 2003. Í ljós kom að uppfæra þurfti lyktir mála í málaskrá. Á árinu var ákært í 34 málum fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

6. Fræðsla

Sérstök áhersla var lögð á fræðslu lögreglumanna á árinu 2003, bæði með því að taka á móti starfsmönnum og leiðbeinendum, sem og að senda starfsmenn suður. Hér á eftir verða nokkur atriði úr fræðsludagskrá vetrarins talin upp:

- Starfsmaður var sendur til embættis sýslumannsins í Hafnarfirði, til þess að sjá hvernig eftirliti með útlendingum væri háttað þar.
- Lögreglustjóri og yfirlögregluþjónn sóttu nám í stjórnun 1 við Lögregluskóla ríkisins á árinu 2003-2004 og hafa lögreglufulltrúi og varðstjóri þegar hafið nám á næsta skólaári, 2004-2005. (Á árinu 2005 er fyrirhugað að senda aðra tvo; rannsóknarlögreglumann og varðstjóra og svo koll af kolli. Markmiðið er að allir yfirmenn lögreglu hafi hlotið stjórnunarþjálfun við skólann að vori 2007). Með stjórnunarnáminu er lagður grundvöllur að nýrri hugsun innan lögreglu, en almenn umræða um stefnumótun hefur verið framandi í lögreglu til þessa, þ.e. gagnvart öðrum en æðstu stjórnendum lögreglu.
- Þann 14. janúar fór Rósamunda Jóna Baldursdóttir varðstjóri á námskeið í LSR. Námskeiðið var fyrir þjálfara lögregluliðanna í notkun PPST lögreglukylfa. Námskeiðið stóð einn dag.
- Sérnámskeið í forvörnum og fræðslumálum var haldið í LSR dagana 17. til 21. febrúar. Hlynur Snorrason lögreglufulltrúi og Rósamunda Jóna Baldursdóttir varðstjóri sóttu námskeiðið.
- Dagana 18. og 19. febrúar fór Jón Svanberg Hjartarson varðstjóri á námskeið fyrir skotstjóra lögreglunnar.
- Námsstefna Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna, um áföll og áfallahjálp í lögreglustarfinu, var haldin í Munaðarnesi laugardaginn 11. október. Þrjú lögreglumenn sóttu námsstefnuna; Hlynur Snorrason lögreglufulltrúi, Skúli Berg rannsóknarlögreglumaður og Ottó Þórðarson varðstjóri.



- Dagana 10. til 28. nóvember sóttu Rósamunda Jóna Baldursdóttir varðstjóri og Leifur Halldórsson lögreglumaður námskeið RLM 1 í LSR. Hagsmunir embættisins leyfðu ekki að sendir yrðu starfsmenn á umrætt námskeið og fóru báðir þátttakendur á eigin vegum á námskeiðið.
- Þann 11. nóvember var haldin sérstök fræðsla fyrir lögreglumenn um SÁBF kerfi Almannaþingarinnar í slökkvistöðinni á Ísafirði. 6 lögreglumenn sóttu námskeiðið.
- Í októberlok sátu 13 lögreglumenn fræðslufund á vegum Landlæknisembættisins undir yfirskriftinni Þjóð gegn þunglyndi.
- Haldnar voru 16 lögregluæfingar á árinu. Hver æfingartörn er í 3 klukkustundir. Helstu æfingar sem farið var yfir voru hefðbundnar gönguæfingar, handtökur, meðferð varnarúða MACE og beitingu lögreglukylfunnar. Í nokkrum tímum var júðó kennt, einum tíma var varið í kennslu í tollamálefnum þeim er að lögreglumönnum snýr. Einn tími var helgaður fíkniefnum. Fenginn var kennari til að rifja upp slyshjálp. Þá kom læknir af sjúkrahúsinu og ræddi áfallahjálp svo eitthvað sé nefnt.
- Dagana 21. til 24. október kom hingað í heimsókn danskur lögreglumaður, Sten Sörensen, varðstjóri í lögreglunni í Hobro. Gekk hann vaktir með lögreglumönnum þennan tíma og í frítímum var honum kennt á kajak að hætti heimamanna.

7. Akstur

Fjöldi ekinna kílómetra hefur minnkað um rúma 14 þúsund kílómetra á ársgrundvelli á milli árána 2000 og 2003. Skýringa á minni akstri er að leita annars vegar í því, að á árinu 2002 var skilað inn einni bifreið frá lögreglu og eru því að jafnaði tveir bílar í eftirliti í stað þriggja áður og hins vegar að eftirlit er nú markvissara og skipulagðara. Sektarboðum hefur fjölgað þrátt fyrir ofangreint og sýnilegur árangur hefur verið af öðrum störfum lögreglu, s.s. við fíkniefnaeftirlit.

Fjöldi ekinna kílómetra

| 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---------|---------|---------|---------|
| 152.203 | 151.868 | 141.316 | 137.789 |

8. Fangahúsið

Heldur færri gistu fangageymslur lögreglu á árinu 2003 en árið áður, en 83. Þar af voru 12 konur og 71 karl eins og sjá má á töflunni hér að neðan.

| Ár: | Karlar: | Konur: | Samtals: |
|------|---------|--------|----------|
| 2000 | 54 | 2 | 56 |
| 2001 | 78 | 13 | 91 |
| 2002 | 93 | 9 | 102 |
| 2003 | 71 | 12 | 83 |



9. Málaskrá

Eftirfarandi tafla er byggð á málaskrá lögreglu og sýnir samanburð á milli ára innan einstakra brotategunda. Gera verður þann fyrirvara, að ekki leiða öll þessi brot til ákæru eða sektar, heldur eru einhver þeirra felld niður að undangenginni rannsókn.

Forsendur ársskýrslu 2003

| | | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|------|---|------|------|------|------|
| 1506 | Líkamsárás, (217) | 16 | 23 | 17 | 20 |
| 1507 | Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1) | 7 | 3 | 3 | 0 |
| 1508 | Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2) | 1 | 2 | 1 | 0 |
| 1801 | Innbrot | 12 | 7 | 6 | 3 |
| 1851 | Þjófnaður (244) | 26 | 24 | 39 | 31 |
| 2101 | Eignaspjöll (minni 257.1) | 38 | 56 | 29 | 32 |
| 2102 | Eignaspjöll (meiri 257.2) | 0 | 0 | 1 | 2 |
| 2103 | Nytjastuldur (259.1) | 0 | 3 | 3 | 0 |
| 3851 | Dreifing, sala | 1 | 4 | 3 | 9 |
| 3853 | Varsla, neysla | 14 | 16 | 23 | 13 |
| 3879 | Ýmis fíkniefnabrot | 0 | 1 | 3 | 2 |
| 7016 | Einstefna, ekið gegn einstefnu eða innakstursbann | 1 | 2 | 10 | 1 |
| 7046 | Afstunga (10. gr.) | 10 | 9 | 14 | 7 |
| 7157 | Stöðvunarskylda ekki virt (25. gr.) | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 7174 | Rangstaða (27. gr.) | 19 | 34 | 21 | 19 |
| 7303 | Of hraður akstur | 290 | 319 | 291 | 275 |
| 7410 | Ölvun við akstur (45. gr.) | 23 | 33 | 19 | 19 |
| 7426 | Sviptur ökurétti (48. gr.) | 8 | 6 | 6 | 3 |
| 7428 | Án ökuskirteinis(48. gr.) | 19 | 9 | 30 | 26 |
| 7497 | Aðalskoðun (67. gr.) | 172 | 104 | 97 | 104 |
| 7498 | Endurskoðun (67. gr.) | 47 | 29 | 38 | 36 |
| 7551 | Án öryggisb. (71. gr.) | 8 | 2 | 13 | 23 |
| 7552 | Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af farþega (71. gr.) | 0 | 0 | 1 | 3 |
| 7608 | Of margir farþegar (73. gr.) | 8 | 1 | 1 | 3 |
| 7831 | Tryggingar (88.-94. gr.) | 73 | 49 | 45 | 60 |
| 7991 | Umferðaróhapp, eignatjón | 52 | 49 | 59 | 71 |
| 8204 | Slys - mannslát | 1 | 1 | 2 | 1 |
| 8205 | Slys - líkamstjón | 16 | 16 | 20 | 20 |
| 9805 | Ekið á búfé | 20 | 6 | 4 | 8 |



V. Almenn umboðsstörf skv. fyrirmælum laga

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu þáttum í starfsemi sýsluskrifstofu. Um flest verkefni gildir að þau hafa aukist á milli ára.

1. Aðfarargerðir

Fjöldi fullnustugerða hefur verið að aukast og er þar mest um að ræða fjárnám. Málshraði hefur haldist svipaður undanfarin ár og eru fyrirtökur vegna fjárnámsgerða að jafnaði einu sinni í mánuði og sá tími sem líður frá móttöku beiðna til boðunar er ekki lengri en 4 vikur. Helstu vandamálin tengd fjárnámum eru þau, að gerðarþolar sinna ekki boðunum og er atbeini lögreglu afar mikilvægur í þessu sambandi. Einnig kemur til greina að hefja á nýjan leik svokölluð útifjárnám, en svo virðist sem ýmis embætti hafi tekið upp þá skipan að undanförunu.

Þrátt fyrir fjölgun fjárnámsbeiðna fækkar óloknum málum í árslok, sem er jákvæð þróun. Á árinu 2003 kom einnig eitt úrburðarmál til kasta embættisins, sem og eitt mál er varðaði löggeymslu.

Fjárnám

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|----------------------------|------|------|------|
| Nýjar beiðnir | 499 | 594 | 622 |
| Beiðnir alls til meðferðar | 745 | 727 | 815 |
| Beiðnum alls lokið | 612 | 536 | 647 |
| Beiðnum ólokið | 133 | 193 | 168 |

2. Nauðungarsölu

Fjöldi beiðna um nauðungarsölu á fasteignum og skipum var nokkuð óbreyttur á milli ára eins og sjá má í töflunni hér á eftir.

Fasteignir og skip

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|--------------------|------|------|------|
| Nýjar beiðnir | 121 | 145 | 151 |
| Alls til meðferðar | 152 | 180 | 180 |
| Seldar eignir | 18 | 28 | 35 |
| Lokin mál | 127 | 120 | 100 |
| Ólokin mál | 35 | 29 | 26 |

Lausafé

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|--------------------|------|------|------|
| Nýjar beiðnir | 9 | 8 | 14 |
| Alls til meðferðar | 9 | 12 | 18 |
| Seldar eignir | 3 | 0 | 0 |
| Lokin mál | 5 | 8 | 11 |
| Ólokin mál | 4 | 4 | 4 |




3. Þinglýsingar

Á árinu 2003 hófst vinna við að færa skráningu fasteigna í umdæmi sýslumanns inn í Landskrá fasteigna. Ráðnir voru sérstakir starfsmenn í þessu skyni, þ.e. annars vegar lögfræðingur með víðtæka reynslu á þessu sviði, sem skipuleggja átti starfið og koma því á fót, hins vegar sérstakur starfsmaður sem styrktur var af svæðisvinnumiðlun í þetta verkefni til skráningar á fasteignum. Góður gangur hefur verið í skráningu og er stefnt að því að skráningu í Landskrána verði lokið á árinu 2004, að undanteknum þeim eignum sem ekki er unnt að skrá að svo stöddu vegna lögfræðilegra álitafna, en nokkuð er um slíkar eignir t.d. á friðlýstu svæði á Hornströndum.

Þinglýsing fasteignaskjala jókst um 19,6% milli árana 2002 og 2003, sem eru töluverð aukning. Athygli vekur að skjölum er varða þinglýst skip og bátar fjölgar einnig um tæp 28% en aflýstum skjölum fækkar umtalsvert, eða um 24%.

| Skýringar: | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|------|
| Þinglýst fasteignaskjöl | 1243 | 1304 | 1622 |
| Þinglýst bifreiðaskjöl | 221 | 201 | 231 |
| Önnur skjöl | 27 | 29 | 38 |
| Bátar og skip | 271 | 245 | 339 |
| Aflýst skjöl | 1000 | 1018 | 820 |



4. Sifjamál

Ný barnalög tóku gildi 1. nóv 2003 og innihalda þau ýmsar nýjungar. Af þessu tilefni fór tveir starfsmenn embættisins á námskeið, en einnig gaf dómsmálaráðuneytið út mjög góða handbók þar sem meðal annars er að finna endurbætt eyðublöð og mikilvægan fróðleik.

Örlitlar breytingar hafa verið gerðar á töflum vegna ársins 2002, sem helgast af því að sifjamálakerfið var uppfært og kom þá í ljós misræmi sem nú hefur verið lagfært. Málum er varða sambúðarslit og forsjá fjölgar örlítið, sem og málum er varða umgengi, en hjónaskilnuðum og almennum meðlagsmálum fækkar.



Skilnaðarmál

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 13 | 21 | 16 |
| Alls til meðferðar | 13 | 23 | 18 |
| Afgreidd mál alls | 11 | 12 | 15 |
| Óafgreidd mál um áramót | 2 | 2 | 3 |

Sambúðarslit

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | | 10 | 17 |
| Alls til meðferðar | | 11 | 18 |
| Afgreidd mál alls | | 12 | 14 |
| Óafgreidd mál um áramót | | 1 | 4 |

Faðernis og meðlagsmál

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 5 | 12 | 10 |
| Alls til meðferðar | 5 | 13 | 10 |
| Afgreidd mál alls | 4 | 10 | 10 |
| Óafgreidd mál um áramót | 1 | 0 | 0 |

Almenn meðlagsmál

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 11 | 10 | 6 |
| Alls til meðferðar | 11 | 3 | 8 |
| Afgreidd mál alls | 8 | 8 | 6 |
| Óafgreidd mál um áramót | 3 | 2 | 2 |

Forsjár og meðlagsmál*

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | * 22 | 6 | 8 |
| Alls til meðferðar | * 22 | 6 | 10 |
| Afgreidd mál alls | * 21 | 7 | 9 |
| Óafgreidd mál um áramót | * 1 | 2 | 1 |

* Tölur 2001 fela í sér forsjár- og meðlagsmál vegna sambúðarslita sem nú er flokkað sérstaklega.

Umgengnismál

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 9 | 6 | 9 |
| Alls til meðferðar | 10 | 7 | 9 |
| Afgreidd mál alls | 9 | 3 | 4 |
| Óafgreidd mál um áramót | 1 | 0 | 5 |

Mál skv. 13. gr. barnalaga (menntunarfrelsi)

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 9 | 6 | 4 |
| Alls til meðferðar | 10 | 7 | 4 |
| Afgreidd mál alls | 9 | 4 | 4 |
| Óafgreidd mál um áramót | 1 | 0 | 0 |

Mál skv. 15. gr. barnalaga (framlag vegna ferminga og flr.)

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 9 | 10 | 9 |
| Alls til meðferðar | 9 | 10 | 9 |
| Afgreidd mál alls | 1 | 6 | 7 |
| Óafgreidd mál um áramót | 1 | 0 | 2 |



Hjónavígslur

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|----------------------|------|------|------|
| Hjónavígslur samtals | 4 | 3 | 3 |

5. Dánarbú*

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|------------------------------|-------------|------|------|
| Ný mál | 18 | 31 | 21 |
| Alls til meðferðar | 25 | 44 | 34 |
| Skiptalok | 12 | 24 | 17 |
| Leyfi til setu í óskiptu búi | nýr flokkur | 9 | 5 |
| Skiptum ólokið um áramót | 13 | 13 | 12 |

* Gerður er fyrirvari um tölur ársins 2003 þar sem ósamræmi er í skráningu

6. Lögbókandagerðir

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-----------------------|------|------|------|
| Erfðarskrá | 6 | 5 | 2 |
| Kaupmálar | 1 | 0 | 4 |
| Önnur skjöl og gerðir | 0 | 35 | 31 |
| Skráðir kaupmálar | 1 | 0 | 0 |

7. Leyfisveitingar

Ökuskírteini

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|--|------|------|------|
| Umsóknir um ökuskírteini | 732 | 419 | 409 |
| Útgefin æfingarastur- og leiðbeindaleyfi | 98 | 316 | 165 |

Vegabréf

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-----------|------|------|------|
| Vegabréf | 305 | 275 | 346 |

Leyfi fyrir sölu skotelda

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|------------------------------|------|------|------|
| Leyfi fyrir sölu skotelda | 5 | 5 | 5 |
| Leyfi fyrir skoteldasýningum | 5 | 8 | 7 |
| Brennuleyfi | 11 | 18 | 10 |

Skotvopnaleyfi

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|---------------------------------|------------|------------|-----------|
| Aukin skotvopnar.- flokkur B | 17 | 13 | 12 |
| Aukin skotvopnar.- flokkur D | 1 | 0 | 0 |
| Endurnýjun skotvopnaleyfis | 21 | 27 | 12 |
| Heimild til að eignast skotvopn | 80 | 64 | 56 |
| Skotvopnanámsk.- flokkur A | 28 | 22 | 13 |
| Samtals: | 147 | 126 | 93 |



Ýmis önnur leyfi

| Skýringar | 2001 | 2002 | 2003 |
|-----------------------------|------|------|------|
| Útgefin meistarabréf | 4 | 0 | 3 |
| Útgefin sprengileyfi | 1 | 1 | 3 |
| Veitinga- og gististaðir | 2 | 8 | 9 |
| Einkasalir og félagsheimili | 1 | 3 | 7 |
| Önnur leyfi | 12 | 19 | 25 |
| Skemmtanaleyfi / tímabundin | 61 | 83 | 87 |
| Skemmtanaleyfi / heilsárs | 6 | 5 | 7 |
| Eiturefnaleyfi | | 2 | 1 |

VI. Innheimta

Markmið innheimtudeildar var að bæta innheimtuna á árinu 2003, um 1-2% í vörslusköttum og um 4% í opinberum gjöldum. Þau markmið stóðust ekki, heldur stóð innheimta á staðgreiðslu og virðisaukaskatti nokkurn veginn í stað en innheimta opinberra gjalda lækkaði um hálf prósentustig. Markið var greinilega sett of hátt, en stefnt er að úrbótum á þessu sviði. Í því skyni verður lögð áhersla á fjölgun starfsmanna á innheimtusviði og markvissara eftirliti.

Innheimtuárangur

| Skýringar: | 2001 | 2002 | 2003 |
|-------------------|---------|---------|--------|
| Staðgreiðsla | 98,2 % | 98,4 % | 98,7% |
| Virðisaukaskattur | 97,11 % | 97,17 % | 97,11% |
| Opinber gjöld | 80,32 % | 85,1 % | 84,54% |

VII. Tollur

Helstu verkefni tollgæslunnar eru: Tollafgreiðsla skipa og flugvéla, eftirlit með skipum, flugvélum og vörugæmslum, skoðun og eftirlit með pappírs- og VEF tollafgreiðslum, upplýsingagjöf og fræðsla, útgáfa og endurnýjun skipstjórnar- og vélstjórnarskirteina og loks framkvæmd og eftirlit með lögskráningum.

Í umdæmi sýslumannsins á Ísafirði eru fimm hafnir og tveir flugvellar. Árið 2003 fóru flestar skipaafgreiðslur fram í Ísafjarðarhöfn, enda þótt einnig hafi verið um að ræða skipaafgreiðslur í höfnunum á Þingeyri og á Flateyri. Á árinu var hins vegar lítil umferð erlendra skipa um hafnirnar á Suðureyri og í Súðavík.

Tollafgreiðslur

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|
| Pappírskýrslur | 103 | 99 |
| EDI- og VEF afgreiðslur | 161 | 182 |
| Samtals: | 264 | 281 |

Skipaafgreiðslur

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|---------------------|------|------|
| Innafgreiðsla skipa | 32 | 27 |
| Útafgreiðsla skipa | 28 | 26 |
| Samtals: | 60 | 53 |



Flugafgreiðslur

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|-------------------------|------|------|
| Innafgreiðslur flugvéla | 5 | 16 |
| Útafgreiðslur flugvéla | 16 | 12 |
| Samtals: | 21 | 28 |

Skemmtiferðaskip

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|-----------------------------------|------|------|
| Vakt um borð í skemmtiferðaskipum | 10 | 12 |

Farmskrá

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|---|------|------|
| Nýskráningar | 9 | 9 |
| Umskráningar, uppskiptingar og breytingar | 42 | 36 |

Skýrslur

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|----------------------|------|------|
| Förgun, tjón, vöntun | 1 | 1 |
| Tollalagabrot | 0 | 1 |
| Lögskráningarbrot | 0 | 4 |
| Aðrar skýrslur | 2 | 0 |
| Samtals: | 3 | 6 |

Útgefin og endurnýjuð atvinnuskírteini

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|---|------|------|
| Útgefin og endurnýjuð skipstjórnarskírteini | 32 | 37 |
| Útgefin og endurnýjuð vélstjórnarskírteini | 34 | 30 |

Annað

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|--|------|------|
| Áfengi og tóbak afgreitt úr tollfrjálsri birgðageymslu | 11 | 9 |

VIII. Almennatryggingar

Síðasti málaflokkurinn sem telst til verkefna embættisins eru umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Fagleg yfirumsjón er í höndum Tryggingastofnunar og heimsótti yfirstjórn Tryggingastofnunar embætti sýslumanns á árinu 2003. Heimsóknin tókst vel og styrkti tengsl starfsmanna og embætta. Afgreiðslum fjölgaði almennt töluvert á árinu 2003 í þessari deild og greiddar fjárhæðir hækkuðu að sama skapi.

Afgreiddir reikningar í sjúkratryggingum

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|----------------------------|-------|------|
| Afgreiddir reikningar | 1.987 | 2001 |
| Afgreidd E-111 vottorð | 20 | 44 |
| Úrskurðaður ferðakostnaður | | 204 |

Úrskurðir í lífeyrisdeild

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|------------------------|-------|-------|
| Fjöldi úrskurða | 1.358 | 1.437 |
| Fæðingarorlofsúmsóknir | 56 | 55 |



Greiðsla vegna lífeyristrygginga og flr.

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|------------------------------------|--------------------|--------------------|
| Greiðslur vegna lífeyristrygginga | 293.914.830 | 355.270.110 |
| Félagsleg aðstoð lífeyristrygginga | 117.513.181 | 122.668.809 |
| Slysatryggingar | 2.237.192 | 1.826.424 |
| Samtals | 413.665.203 | 479.765.343 |

Greiðslur vegna sjúkratrygginga

| Skýringar | 2002 | 2003 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Greiddir sjúkradagpeningar | 1.536.268 | 2.831.9911 |
| Tannlæknakostnaður | 12.323.406 | 14.235.473 |
| Ferðakostnaður sjúklinga | 7.863.350 | 9.938.158 |
| Endurgreiðsla vegna afsláttarkorta | 165.054 | 109.026 |
| Samtals | 21.888.078 | 27.114.648 |

IX. Reikningar ársins

Hér á eftir verður gerð grein fyrir efnahagsreikningi, rekstrarreikningi, sjóðstreymi og skýringum, byggt á ársreikningi Ríkisendurskoðunar.

1. Rekstrarreikningur

Samkvæmt rekstrarreikningi sýslumannsins á Ísafirði nam tekjuafgangur ársins 2,2 milljónum króna. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum námu 147,6 milljónum króna, en embættið fékk 0,9 milljónir í viðbótarfjárheimild vegna launabóta, 5 milljónir vegna fikniefnavarna, þ.e. stöðugildi fikniefnalögreglumanns og 1,3 milljónir vegna annarra verkefna. Endanleg fjárveiting ársins nam samtals kr. 154,8 milljónum króna en rekstrargjöld námu samtals kr. 152,6 milljónum króna.

| Í þúsundum króna | 2003 | 2002 | Breyting | % |
|--------------------------------------|--------------|--------------|--------------|---------------|
| Tekjur | (3.277) | (1.684) | (1.593) | 94,5 |
| Launagjöld | 127.170 | 123.981 | 3.189 | 2,6 |
| Önnur rekstrargjöld | 28.190 | 25.517 | 2.673 | 10,5 |
| Eignakaup | 507 | 150 | 357 | 238,0 |
| Samtals | 152.590 | 147.964 | 4.626 | 3,1 |
| Ríkisframlag | 154.848 | 150.599 | 4.249 | 2,8 |
| Tekjuafgangur (-halli) ársins | 2.258 | 2.635 | (377) | (14,3) |

| Í þúsundum króna | Fjárheimild | Reikningur | Breyting | % |
|---------------------|----------------|----------------|--------------|------------|
| Launagjöld | 125.100 | 127.170 | (2.070) | (1,7) |
| Önnur rekstrargjöld | 29.548 | 28.190 | 1.358 | 4,6 |
| Eignakaup | 500 | 507 | (7) | (1,4) |
| Tekjur | (300) | (3.277) | 2.977 | 923,3 |
| Samtals | 154.848 | 152.590 | 2.258 | 1,5 |



Heildarmismunur fjárheimildar og áætlunar nam 1,5 prósentustigum, sem er í samræmi við markmið stofnunarinnar.

2. Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur sýslumannsins á Ísafirði 31. desember 2003 er svohljóðandi:

Eignir

| Veltufjármunir | 2003 | 2002 |
|-------------------------------|-------------------|-------------------|
| Ríkissjóður | 889.342 | 0 |
| Ríkissjóður, innheimta skatta | 6.345.529 | 14.072.331 |
| Viðskiptakröfur | 8.125.436 | 4.592.033 |
| Handbært fé | 1.687.790 | 797.171 |
| Eignir alls: | 17.048.097 | 19.461.535 |

Skuldir og eigið fé

Eigið fé

| Höfuðstóll | 2003 | 2002 |
|-------------------------|----------------|--------------------|
| Höfuðstóll í ársbyrjun | (1.724.236) | (4.358.739) |
| Tekjuafgangur (halli) | 2.257.925 | 2.634.503 |
| Eigið fé samtals | 533.689 | (1.724.236) |

Skuldir

| Skammtímaskuldir | 2003 | 2002 |
|------------------------|-------------------|-------------------|
| Ríkissjóður | 0 | 1.076.966 |
| Viðskiptaskuldir | 16.514.408 | 20.108.805 |
| Skuldir samtals | 16.514.408 | 21.185.771 |

Skuldir og eigið fé alls **17.048.097** **19.461.535**

3. Sjóðstreymi

Rekstrarafgangur nam kr. 2.257.925 á árinu 2003 en kr. 2.634.503 á árinu 2002.

Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:

| Skammtímaskuldir | 2003 | 2002 |
|---|----------------|--------------------|
| Viðskiptaskuldir | 4.193.399 | (11.961.221) |
| Skammtímaskuldir | (3.594.397) | 6.696.114 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | 599.002 | (5.275.107) |

Handbært fé frá rekstri **2.856.927** **(2.640.604)**



Fjármögnunarhreyfingar

| Breyting á stöðu v. ríkissjóð | 2003 | 2002 |
|-------------------------------|--------------------|------------------|
| Framlag ríkissjóðs | (154.848.000) | 150.599.000 |
| Greitt úr ríkissjóði | 152.881.692 | 149.944.593 |
| Fjármögnunarhreyfingar | (1.966.308) | (654.407) |

| | | |
|----------------------------------|------------------|--------------------|
| Hækkun handbærs fjár | 890.619 | (3.295.011) |
| Handbært fé í upphafi árs | 797.171 | 4.092.182 |
| Handbært fé í lok árs: | 1.697.790 | 797.171 |

4. Skýringar

Embættið skiptist í þrjú meginvið og greinist kostnaður svo sem fram kemur í eftirfarandi töflu.

Kostnaður á svið embættisins

| | Í milljónum kr. | % |
|-------------------|-----------------|-------------|
| Yfirstjórn | 60 | 38,5 |
| Lögregla | 80 | 57,4 |
| Tollgæsla | 6 | 4,1 |
| Samtals: | 153 | 100 |

Sértekjur embættisins

Sértekjur embættisins voru vegna skráningar í Landskrá fasteigna, flutninga á vegum, löggæslu á unglingsmóti UMFÍ, skotvopnanámskeiða og vöktunar á erlendum skipum.

| | 2003 | 2002 |
|-------------------|------------------|------------------|
| Löggæsla | 2.024.059 | 1.441.527 |
| Tollgæsla | 740.677 | 194.159 |
| Yfirstjórn | 512.577 | 28.337 |
| Samtals: | 3.277.313 | 1.664.023 |

Laun og starfstengdur kostnaður

Ársverk á árinu 2003 voru 29.3 og fækkaði þeim um 0,5 frá fyrra ári. Launakostnaður nam samtals kr. 127.170.169 á árinu 2003. Útgjöld vegna vinnufatnaðar og fatapeninga lækkuðu en ferðakostnaður hækkaði. Samtals nam starfstengdur kostnaður kr. 3.695.264 á árinu. Útgjöld vegna rekstarvara hækkuðu og námu þau samtals kr. 3.726.880 á árinu 2003. Aðkeypt þjónusta hækkaði mikið á milli ára, nam kr. 1.508.975 á árinu. Húsnæðiskostnaður nam kr. 9.342.879 á árinu og námu eignakaup kr. 506.719. Handbært fé í árslok nam kr. 1.687.790. Eigið fé



jókst á árinu um 2.258.000 krónur, sem stafaði af því að útgjöld voru undir fjárheimildum ársins 2003.

Lokaorð

Skýrslunni hér að framan er ætlað að gefa nokkra mynd af embættisrekstri sýslumannsins á Ísafirði vegna rekstrarársins 2003. Að lokum má nefna að tölvu- og tæknimál standa starfseminni nokkuð fyrir þrifum og er þar brýnna úrbóta þörf. Í þessu sambandi má nefna að þörf er á nýju skjalastjórnunarkerfi, s.s. Lotus Notes eða GoPro kerfi, sem og heimasíðu fyrir embættið í heild, enda þótt vefsvæði á lögregluvefnum sé mjög til bóta varðandi þann þátt rekstarins. Sýslumenn hafa verið í samstarfi við að þróa sameiginlega heimasíðu og er þeirri vinnu að mestu lokið. Þá er tölvubúnaði nokkuð ábótavant, þ.e. bæði vélbúnaði og hugbúnaði. Þessir þættir verða að komast í lag til þess að embættið nái markmiðum sínum.



Rósamunda Baldursdóttir varðstjóri og hundapjálfari með fíkniefnahundinn Dofra



Ottó Þórðarson kennir hinum danska Sten handtökin við kajakróður

Ljósmyndir af lögreglumönnum eru frá lögreglunni á Ísafirði
Ljósmynd á forsíðu er tekin af Mats Wibelund, sjá www.myndasafn.is